

Svar í tölvubréfi dags. 17. desember frá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar

Sæll

Loftgæðamælistöðvar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur eru svokallaðar farstöðvar sem flakka um borgina en Umhverfisstofnun sem er ríkisstofnun rekur tvær fastar loftgæðamælistöðvar sem staðsettar eru við Grensásveg og í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Við hjá heilbrigðiseftirlitinu reynum að hafa stöðvarnar að minnsta kosti í eitt ár á hverjum stað til að fá sem bestar vísbendingar um loftgæði.

Stöðvar heilbrigðiseftirlitsins eru nú staðsettar við Njörvasund/Sæbraut og í Grafarvoginum við Egilshöll (Fossaleyni/Víkurveg) en til stendur að flytja þær á næstu vikum.

Farstöðvarnar hafa ekki verið staðsettar við hafnir enda ekki verið beinar forsendur fyrir því. Betra væri að vera með staðbundinn mæli við höfnina. Nemendur í umhverfisverkfræði við Háskóla Íslands hafa framkvæmt einhverjar mælingar með sótmæli við höfnina og vil ég benda á að hafa samband við Hrund Ó. Andradóttur prófessor hjá HÍ.

Með kveðju,

Kristín Lóa Ólafsdóttir heilbrigðisfulltrúi
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Vöktun

Reykjavík, 13. desember 2019
R19120111

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Skúlagötu 19

101 REYKJAVÍK

Efni:

***Fyrirspurn íbúaráðs Laugardals -
Mengunarmælingar***

Á fundi íbúaráðs Laugardals þann 9. desember 2019 lagði ráðið fram svohljóðandi fyrirspurn sbr. 11. lið fundargerðar sd.:

Ráðið óskar eftir upplýsingum um hvort mengunarmælingar hafi verið gerðar í höfninni, sérstaklega þegar stór skip liggja við höfn?

Með kveðju

Heimir Snær Guðmundsson